

Fimmtudagurinn 13. nóvember 1997 kl. 15:30

101. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 44/1997

Kvörtun yfir starfsemi Apóteks ehf.

I.

Málavextir

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 24. janúar 1997, þar sem þess er farið á leit við stofnunina að hún taki til skoðunar samþjöppun á eignaraðild að lyfjaverslunum, sem kunní að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga. Bréfritari krefst nafnleyndar.

Í erindinu er m.a. bent á kaup fyrirtækisins Apótek ehf. á Háaleitisapóteki í byrjun ársins og ummæli forsvarsmanna félagsins um frekari kaup þess á lyfjaverslunum, en Apótek ehf. er í eigu þrettán lyfsala. Í erindinu er þess farið á leit að Samkeppnisstofnun taki til skoðunar samþjöppun á eignaraðild að lyfjabúðum, þar sem markaðsráðandi aðilar á lyfsölumarkaðnum séu að slá sig saman um kaup á fleiri lyfjaverslunum í þeim tilgangi að ná enn frekari markaðsyfirráðum.

2.

Samkeppnisstofnun sendi Apóteki ehf. bréf, dags. 8. apríl 1997, og óskaði eftir upplýsingum um tildrög stofnunar félagsins, auk upplýsinga um tilgang þess og starfsemi. Einnig fór stofnunin fram á upplýsingar um aðdraganda og ástæður þess að Apótek ehf. keypti Háaleitisapótek af Andrésí Guðmundssyni lyfsala og hvort félagið hygði á frekari kaup á lyfjaverslunum. Einnig var óskað eftir öllum fundargerðum Apóteks ehf. frá stofnun félagsins auk þeirra samninga sem gerðir höfðu verið í tengslum við stofnun og rekstur þess.

Umbeðnar upplýsingar bárust með bréfi Baldurs Guðlaugssonar hrl. f.h. Apóteks ehf., dags. 29. apríl 1997. Í bréfinu kemur fram að með lyfjalögum nr. 93/1994 hafi frelsi til að setja á stofn lyfjaverslanir verið aukið. Nýir aðilar hafi

Í kjölfar þess haslað sér völl á sviði lyfsölu og lyfjaverslunum fjölgað. Samkvæmt stofnsamningi og samþykktum Apóteks ehf. sé tilgangur félagsins stofnun og rekstur apóteka, verslun með lyf, heilsuefni, snyrtivörur og skyldan varning. Ennfremur fjárfesting í fasteignum og hlutabréfum sem og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur. Apótek ehf. reki nú lyfjabúð í stórmarkaði Fjarðarkaupa, Hafnarfirði og eigi auk þess allt hlutafé Háaleitisapóteks. Þá kemur fram í bréfinu að engar ákvarðanir hafi verið teknar um frekari kaup á lyfjabúðum.

Um aðdraganda og ástæður þess að Apótek ehf. festi kaup á Háaleitisapóteki segir, að Andrés Guðmundsson lyfsali hafi ákveðið, vegna aldurs og mikillar óvissu um rekstur lyfjaverslana, að selja apótekið. Samningar hafi tekist um kaup Apóteks ehf. á öllu hlutafé í Háaleitisapóteki. Að lokum fór lögmaður Apóteks ehf. fram á það f.h. félagsins með vísan til 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 að fá ljósrít af upphaflegu erindi til Samkeppnisstofnunar, en nafnleyndar hafði verið krafist af hálfu kvartanda.

3.

Bréf Apóteks ehf. var sent upphaflegum kvartanda til umsagnar og barst umsögn hans með bréfi, dags. 15. maí 1995. Í bréfinu kemur fram sú skoðun að vegna eðlis og sérstöðu lyfsölustarfsemi sé leyfi til reksturs lyfjaverslunar alfarið bundið við þá einstaklinga sem leyfið hafa og uppfylla skilyrði fyrir því um tiltekið nám og starfsreynslu. „Hóprekstur“ eða „hópeign“ á lyfjaverslunum samræmist hvorki lyfjalögum né ákvæðum samkeppnislaga, en mjög erfitt sé fyrir einstaklinga að keppa á markaðnum við sameignarrekstur margra lyfsala, ekki síst þegar að þeim rekstri standi ráðandi aðilar, eða hópur rótgróinna lyfsala á markaðnum.

Að mati kvartanda er ljóst, að hefði það legið fyrir þegar ný lyfsölulög tóku gildi og ný lyfsöluleyfi voru gefin út árið 1996, að hópur nýliða hefði getað tekið sig saman um stofnun t.d. fimm til átta nýrra lyfjabúða á höfuðborgarsvæðinu, að ýmsir hefðu frekar farið þá leið í stað þess að stofna eigin lyfjabúð hver fyrir sig. Hinn almenni skilningur hafi hins vegar verið sá að óheimilt væri að hver lyfsali ætti aðild að fleiri en einni lyfjabúð.

4.

Samkeppnisstofnun kynnti lögmanni Apóteks ehf. ofangreind sjónarmið kvartanda með bréfi stofnunarinnar, dags. 2. júní 1997, og var honum boðið að koma að athugasemdum umbjóðanda síns. Samkeppnisstofnun hafnaði jafnframt kröfu Apóteks ehf. um afrit af upphaflegu erindi, með vísan til þess að stofnuninni væri óheimilt að veita upplýsingar sem gæfu til kynna nafn kvartanda, með vísan til 50. gr. samkeppnislaga og 17. gr. stjórnsýslulaga.

Athugasemdir Apóteks ehf. bárust með bréfi Baldurs Guðlaugssonar hrl., dags. 12. júní 1997. Í bréfinu segir að um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi fari samkvæmt ákvæðum VII. kafla lyfjalaga nr. 93/1994. Ákvæðum þessara laga hafi í einu og öllu verið fylgt varðandi rekstur Háaleitisapóteks og lyfjabúðar þeirrar sem Apótek ehf. reki í stórmarkaði Fjarðarkaupá. Er því jafnframt mótmælt af hálfu Apóteks ehf. að „hóprekstur“ eða „hópeign“ á apótekum brjóti í bága við lyfjalög, enda heyrði það þá undir heilbrigðisyfirvöld en ekki samkeppnisyfyrirvöld að taka til umfjöllunar slík brot. Með tilkomu aukins frelsis í lyfjaverslun hafi færst í vöxt að sömu aðilar eigi fleiri en eina lyfjaverslun og væru um það mörg dæmi.

Einnig er á það bent í athugasemdum Apóteks ehf. að hluthafar félagsins reki jafnframt eigin lyfjaverslanir og séu því í mikilli samkeppni innbyrðis. Sameiginleg eignaraðild þeirra að Apóteki ehf. hafi í engu dregið úr þeirri samkeppni og engir samkeppnishamlandi samningar hafi verið gerðir milli hluthafa eða á vettvangi félagsins. Engir samstarfssamningar hafi verið gerðir né heldur séu uppi áform um sameiginleg lyfjainnkaup eða sameiginlegt fyrirvar gagnvart birgjum. Þá er tekið fram að alls sé starfrækt 21 lyfjaverslun í Reykjavík og 10 til viðbótar í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Mikil samkeppni ríki í lyfjaverslun á þessu svæði og því fari víðs fjarri að Apótek ehf. hafi einhverja þá stöðu á markaðnum sem jafna mætti við markaðsráðandi stöðu.

Þá segir í umsögn Apóteks ehf. að skv. 4. mgr. 20. gr. lyfjalaga sé ráðherra heimilt að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfifshafa. Af greinargerð með frumvarpi til lyfjalaga sé ljóst að gert hafi verið ráð fyrir því að heimildin yrði ekki nýtt nema lyfjabúðir á hverju svæði næðu ekki samkomulagi um vaktafyrirkomulag. Næturvarsla hafi verið fjárhagsleg byrði á lyfjabúðum og fyrir legið að lyfjabúðirnar, sem annast kvöld-, nætur- og helgidagavörslu í Reykjavík, myndu í kjölfar almennrar lengingar á afgreiðslutíma lyfjaverslana

leggja niður þessa vörslu. Apótek ehf. hafi hins vegar ákveðið að taka upp kvöld-, nætur- og helgarvörslu í Háaleitisapóteki í Reykjavík, sem þjóna muni öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu. Vaktafyrirkomulag hafi með þessu verið tryggt á þessu svæði, þannig að ekki ætti að gerast þörf á því fyrir ráðherra að kveða á um vaktskyldu lyfsöluleyfifshafa.

II.

Niðurstöður

1.

Í máli þessu er því haldið fram að sameiginleg eignaraðild þrettán lyfsala að lyfjabúðum fari gegn ákvæðum samkeppnislaga, þar sem með því séu markaðsráðandi aðilar á lyfsölumarkaðnum að sameinast um rekstur á þeim markaði í því skyni að ná enn frekari markaðsyferráðum. Jafnframt hefur því verið haldið fram að slíkt brjóti gegn ákvæðum lyfjalaga.

Með setningu lyfjalaga nr. 93/1994 voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulagi lyfsölu í landinu. Meðal annars var frelsi til að setja á stofn lyfjaverslanir aukið verulega frá því sem var skv. eldri löggjöf um lyfjadreifingu. Lyfjalög nr. 93/1994 tóku gildi þann 1. júlí 1994 en VII. kafli laganna tók gildi nokkru síðar. Í kjölfar hinna rýmkuðu reglna um stofnun lyfjaverslana hafa nýir aðilar haslað sér völl á sviði lyfsölu og lyfjaverslunum fjölgað.

Þann 10. september 1996 stofnuðu þrettán lyfsalar einkahlutafélagið Apótek. Reka lyfsalarnir allir lyfjaverslanir í Reykjavík. Samkvæmt stofnsamningi og samþykktum félagsins er tilgangur þess stofnun og rekstur apóteka, verslun með lyf, heilsuefni, snyrtivörur og skyldan varning. Auk þess er fjárfesting í fasteignum og hlutabréfum sem og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur nefnt sem tilgangur félagsins. Hefur hluthöfum í Apóteki ehf. fjölgað um einn frá stofnun, þar sem lyfsöluleyfifshafi í Laugavegsapóteki hefur einnig gerst hluthafi í félaginu.

Með kaupsamningi, dags. 2. janúar 1997, keypti Apótek ehf. allt hlutafé í Háaleitisapóteki ehf. en lyfsali apóteksins, sem var einn af stofnendum Apóteks ehf., hafði ákveðið að selja apótekið vegna aldurs og mikillar óvissu um framtíð í rekstri lyfjabúða, eins og segir í fundargerð Apóteks ehf. Var ákveðið að Háaleitisapótek tæki að sér alla næturvörslu á höfuðborgarsvæðinu og hefur

apótekið gegnt því hlutverki frá og með 1. júní 1997. Í mars 1997 tók Apótek ehf. á leigu húsnæði í Hafnarfirði, og stofnaði félagið til rekstrar lyfjabúðar þar, í stórmarkaði Fjarðarkaupa.

2.

Meðal þess sem haldið er fram í upphaflegu erindi til Samkeppnisstofnunar er að „hópeign“ eða „hóprekstur“ á lyfjaverslunum samræmist hvorki samkeppnislögum né lyfjalögum. Úrskurðarvald um það hvort slíkt samræmist lyfjalögum heyrir að sjálfsögðu undir heilbrigðisyfirvöld en ekki verður þó hjá því komist að líta til þeirra ákvæða sem um þetta atriði fjalla í lyfjalöggjöfni.

Í VII. kafla lyfjalaga er fjallað um stofnun lyfjaverslana og veitingu lyfsöluleyfa. Í 20. gr. segir að leyfi til lyfsölu hafi þeir einir sem til þess hafi hlotið leyfi ráðherra. Þá segir að ráðherra veiti þeim umsækjanda lyfsöluleyfi sem uppfylli skilyrði laganna. Í ákvæði 1. mgr. 21. gr. laganna segir síðan:

„Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.“

Í athugasemdum með frumvarpi til ákvæðisins segir m.a. um þetta:

„Rétt þykir að takmarka hvert lyfsöluleyfi við faglega ábyrgð á rekstri einnar lyfjabúðar til að samkeppni fái betur notið sín og komið verði í veg fyrir einokun og hringamyndun.“

Þannig er lyfsala eingöngu heimilt að reka eina lyfjaverslun á lyfsöluleyfi sínu samkvæmt lyfjalögum og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Hins vegar var ekki farin sú leið með lyfjalögum nr. 93/1994 að láta faglega ábyrgð og fjárhagslega haldast í hendur og er ekkert í lögunum sem kemur í veg fyrir að lyfjaverslanir séu í „hópeign“ eða reknar í hlutafélagsformi. Þá hafa heilbrigðisyfirvöld ekki talið felast í þessu ákvæði lyfjalaga að skorður séu settar við því að sömu eigendur séu að fleiri en einni lyfjaverslun. Það sem ákvæðið bannar er skv. túlkun heilbrigðisráðuneytisins eingöngu það, að lyfsöluleyfishafi má ekki reka fleiri en eina lyfjaverslun á

sínu leyfi. Hins vegar hefur ráðuneytið ekki sett skorður við því að sömu eigendur standi á bak við fleiri en eina lyfjaverslun.

3.

Í máli þessu er um það að ræða að hópur lyfsöluleyfifishafa stofnar einkahlutafélagið Apótek. Það félag stofnar fyrirtæki, Fjarðarkaupsapótek, sem starfar á sama markaði og eigendur þess. Jafnframt kaupa þessir sömu aðilar í gegnum Apótek ehf. allt hlutafé í öðru fyrirtæki á sama markaði, Háaleitisapóteki. eru þessi tvö fyrirtæki Apóteks ehf. þannig í samkeppni hvort við annað, auk þess sem þau eru í samkeppni við fyrirtæki eigenda sinna, sem einnig starfa á lyfsölumarkaðnum. Tilvik af þessum toga geta fallið undir 10. gr. og 17. gr. samkeppnislaga.

Í 10. gr. samkeppnislaga er fjallað um láréttar samkeppnishömlur, þ.e. samkeppnishömlur sem fyrirtæki á sama sölustigi standa að. Í ákvæðinu er lagt bann við samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja á sama sölustigi, þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á m.a. verð, afslætti eða álagningu, skiptingu markaða eða gerð tilboða. Samkeppnislögin byggja þannig á þeirri grunnforsendu að til þess að virk samkeppni fái þrifist verði hvert fyrirtæki fyrir sig að taka ákvarðanir um verð og markaðssókn á eigin forsendum. Sökum þessa eru samningar og samstilltar aðgerðir keppinauta um verðlagningu eða markaðsskiptingu álitnar alvarlegustu samkeppnishömlurnar og eru þær því bannaðar fyrirfram. Ef samvinna keppinauta lýtur ekki að ólögmætu samráði verður að taka til athugunar hvort slík samvinna hafi í för með skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Samningar sem færa fyrirtæki möguleika til þess að hafa áhrif á t.d. verðlagningu keppinautar síns, t.d. með setu í stjórn, geta brotið í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Eins og mál þetta liggur fyrir samkeppnisráði þykir hins vegar ekki ástæða til þess að reka það á grundvelli 10. gr. laganna.

4.

Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, m.a. þegar hin skaðlegu áhrif felast í því að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína. Íhlutun samkeppnisyfirvalda getur m.a. falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

Við mat á því hvort tilteknir samningar eða athafnir hafi skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. verður að líta til tveggja þátta. Í fyrsta lagi verður að skilgreina þann markað sem um er tefla. Því næst verður að meta áhrif viðkomandi samnings eða athafna á hinn skilgreinda markað.

Við skilgreiningu á markaðnum verður að líta til tveggja þátta; annars vegar hver þjónustumarkaðurinn er og hins vegar hver hinn landfræðilegi markaður er.

Samkvæmt VII. kafla lyfjalaga mega einungis þeir sem hlotið hafa lyfsöluleyfi selja lyf og reka lyfjabúðir. Lyf verða því ekki keypt í smásölu nema í lyfjaverslun sem rekin er af lyfsöluleyfshafa. Að mati samkeppnisráðs er því þjónustumarkaðurinn í þessu máli smásala lyfja í lyfjabúðum. Rétt er að líta svo á að hinn landfræðilegi markaður sé Reykjavík og nágrannasveitarfélög.

Eins og áður segir standa að Apóteki ehf. fjórtán lyfsalar, sem allir reka eigin lyfjaverslanir, fyrir utan Andrés Guðmundsson sem seldi Apóteki ehf. lyfjaverslun sína, Háaleitisapótek. Apótek ehf. á hins vegar ekki í þeim lyfjaverslunum sem hluthafar félagsins standa að, þannig að ekki er um gagnkvæma eignarhlutdeild að ræða. Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar er markaðshlutdeild þeirra lyfjaverslana sem standa að rekstri Apóteks ehf. að meðaltali um 52% ef miðað er við heildarlyfjaveltu verslananna á tímabilinu september 1996 til september 1997.

Eins og fyrr greinir hefur í máli þessu hópur keppinauta stofnað eða keypt fyrirtæki sem eru á sama markaði og eigendurnir. Líkur standa til þess að stjórn Apóteks ehf. muni við rekstur Háaleitisapóteks og Fjarðarkausapóteks taka sérstakt tillit til hagsmuna eigenda fyrirtækisins, sem allir reka apótek. Á sama hátt er líklegt að við rekstur eigin lyfjaverslana taki eigendur Apóteks ehf. tillit til hagsmuna Háaleitis- og Fjarðarkausapóteks. Samvinna umræddra lyfsöluleyfshafa í Apóteki ehf. skapar því grundvöll fyrir samkeppnishömlur. Þannig getur samstarf af þessum toga milli keppinauta stuðlað að því að viðkomandi aðilar fari að samræma hegðun sína á viðkomandi markaði og raska þannig samkeppni. Í þessu sambandi ber enn að hafa í huga að samkeppnislögin byggja á þeirri grunnforsendu að til þess að virk samkeppni fái þrifist verði hvert fyrirtæki fyrir sig að taka ákvarðanir um verð og markaðssókn á eigin forsendum. Er samstarf keppinauta því almennt ekki heimilað nema það hafi einhver jákvæð áhrif í för með sér, t.d. nýja tækni vegna samvinnu fyrirtækja á sviði rannsókna eða þróunarstarfs. Ekki fæst séð

að sérstök jákvæð áhrif í þessum skilningi stafi af samstarfi lyfsöluleyfshafa innan Apóteks ehf. Sérstaklega skal tekið fram að samkeppnisráð telur að unnt sé að sinna skyldu um næturvörslu apóteka með öðrum og vægari aðgerðum en gripið var til í þessu máli. Þegar þetta allt er virt og horft er til ofangreindrar markaðshlutdeildar þeirra lyfjaverslana sem standa að Apóteki ehf. verður að telja stofnun og rekstur Apóteks ehf. feli í sér skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Þrátt fyrir hin skaðlegu áhrif sem stafa af samstarfi lyfsöluleyfshafa innan Apóteks ehf. telur samkeppnisráð ekki ástæðu til þess að banna samstarfið. Í því sambandi er til þess að líta að lyfsölumarkaðurinn hefur frá gildistöku lyfjalaga tekið miklum breytingum. Nýir aðilar hafa komið inn á markaðinn, og er markaðurinn enn í mótun. Hefur og aukist mjög að stórmarkaðir hefji lyfsölu í tengslum við verslanir sínar. Þetta hefur leitt til þess að markaðshlutdeild lyfjaverslana sem standa að Apóteki ehf. hefur fallið úr 63% í 43% á þrettán mánaða tímabili, frá september 1996 til september 1997. Með hliðsjón af því að fram hefur komið opinberlega að stórmarkaðir stefni að því að auka enn umsvif sín á þessum markaði má búast við því að hlutdeild þeirra sem standa að rekstri Apóteks ehf. minnki enn frekar. Þessi markaðsþróun dregur því að vissu leyti úr hinum skaðlegu áhrifum af samstarfinu innan Apóteks ehf. og leyfir að girt sé fyrir þær samkeppnishömlur sem af samstarfinu leiða með öðrum og vægari aðgerðum en banni við samstarfinu.

Til þess að vinna gegn þeim samkeppnishömlum sem mál þetta fjallar um kemur til greina að gera þær kröfur að í stjórn Apóteks ehf. sitji ekki einstaklingar sem jafnframt reka apótek í samkeppni við lyfjaverslanir Apóteks ehf. Þegar hins vegar er horft til markaðshlutdeildar apóteka stjórnarmanna fyrirtækisins þykir ekki nauðsynlegt, á þessu stigi, að gera þá kröfu. Þessi afstaða samkeppnisráðs getur komið til endurskoðunar ef forsendur breytast. Rétt þykir að beina þeim fyrirmælum til Apóteks ehf. að tilkynna Samkeppnisstofnun allar breytingar á stjórn fyrirtækisins.

Í því skyni að girða fyrir samkeppnishömlur af rekstri Apóteks ehf. er á hinn bóginn nauðsynlegt að koma í veg fyrir að upplýsingar sem tengjast samkeppni og markaðsstarfi fari á milli lyfjaverslana Apóteks ehf. og lyfjaverslana eigenda félagsins. Skilyrði þessu er hins vegar ekki ætlað að koma í veg fyrir að stjórn Apóteks ehf. greini eigendum almennt frá rekstri félagsins og afkomu þess á aðalfundi. Jafnframt er nauðsynlegt að beina þeim fyrirmælum til Apóteks ehf. að ráðast ekki í neins konar sameiginlegar markaðsaðgerðir með

lyfjaverslunum þeim sem eigendur fyrirtækisins reka. Til þess að fylgjast með því að forsendur þessarar ákvörðunar gangi eftir skal Apótek ehf. tilkynna Samkeppnisstofnun um hvers kyns samninga sem fyrirtækið gerir við eigendur sína. Þá skal tilkynna stofnuninni um allar breytingar á eignarhaldi félagsins og um öll kaup eða aðra gerninga sem leiða til þess að félagið öðlast hlut í eða yfirráð yfir öðrum lyfjaverslunum.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 beinir samkeppnisráð eftirfarandi fyrir mælum til Apóteks ehf.:

- I. Stjórn Apóteks ehf. og þeim sem annast daglegan rekstur lyfjaverslana félagsins er óheimilt að veita eigendum félagsins hvers kyns upplýsingar sem tengjast samkeppni og markaðsstarfi félagsins.**
- II. Stjórn Apóteks ehf. og þeim sem annast daglegan rekstur lyfjaverslana félagsins er óheimilt að taka við frá eigendum félagsins hvers kyns upplýsingum sem tengjast samkeppni og markaðsstarfi lyfjaverslana þeirra sem eigendur félagsins reka.**
- III. Apóteki ehf. er óheimilt að taka þátt í hvers konar markaðsaðgerðum með lyfjaverslunum þeim sem eigendur félagsins reka.**
- IV. Apótek ehf. skal tilkynna Samkeppnisstofnun um allar breytingar á stjórn félagsins.**
- V. Apótek ehf. skal tilkynna Samkeppnisstofnun um alla samninga og aðra löggerninga sem félagið gerir við eigendur sína eða lyfjaverslanir sem þeir reka.**
- VI. Apótek ehf. skal tilkynna Samkeppnisstofnun um allar breytingar á eignarhaldi félagsins og öll kaup eða aðra gerninga sem leiða til þess að félagið öðlast hlut í eða yfirráð yfir öðrum lyfjaverslunum.“**